

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 36/98
frá 30. apríl 1998**

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.
14/98 frá 6. mars 1998⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 97/42/EB frá 27. júní 1997 um fyrstu breytingu á tilskipun 90/394/EBE um
verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum á vinnustað (sjötta
sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE)⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 14. lið (tilskipun ráðsins 90/394/EBE) í XVIII. viðauka við
samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **397 L 0042:** Tilskipun ráðsins 97/42/EB frá 27. júní 1997 (Stjtið. EB nr. L 179, 8.
7. 1997, bls. 4).“

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 179, 8. 7. 1997, bls. 4.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 97/42/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. apríl 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbato

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner